

Ed. 115. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Við lögin hætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands, frá 13. nóvember 1973, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru botnvörpuveiðar á unsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samningsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhliða lagafrumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild til að staðfesta samkomulag um bráðabirgðalausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands, sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Svo sem fram kemur í því samkomulagi verður það með þeim hætti, að brezkum veiðiskipum, sem talin eru á skrá, sem er fylgiskjal samkomulagsins, er heimiluð botnvörpuveiði á tilteknum svæðum milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu í fiskveiðilandhelginni þann tíma, sem samkomulagið gildir. Veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varða þeim viðurlögum, að þau skip verða fellt niður af skránni og missa þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt samkomulaginu. Rétt þykir að marka framkvæmd á sviptingu leyfis með þeim hætti, sem í frumvarpi þessu greinir, þannig að dómsmálaráðuneytinu sé falið að taka ákvörðun um það efni, er það hefur fengið í hendur málgögn frá Landhelgisgæslunni. Komi til brot af hálfu skips, sem strikað hefur verið út af skrá, fer um það eftir almennum reglum.